

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 348/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Steingrími Njálssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skírlífisbrot. Sönnun. Hælisvist. Skaðabætur. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Málflutningur fór fram fyrir luktum dyrum samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. nóvember 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Verjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt og málinu vísað frá dómi eða heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu.

I.

Krafa verjanda um ómerkingu er í fyrsta lagi á því reist, að héraðsdómari hafi ekki takmarkað sig við ákæru í máli þessu heldur miði refsíákvörðun við brot gegn öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga en greind eru í ákæru. Ákærði var eingöngu sakfelldur fyrir þau brot, sem í ákæru greindi, og verður ómerkingarkrafa ekki tekin til greina á þessum grundvelli.

Þá er ómerkingarkrafa í annan stað á því byggð, að þess hafi ekki verið gætt við lögreglurannsókn í Ólafsvík varðandi ákæruliði I og II að benda ákærða á rétt hans á skipuðum réttargæslumanni samkvæmt 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1979. Skjöl málsins bera ekki með sér, að þessa atriðis hafi verið gætt. Við dómsrannsókn í sakadómi Árnassýslu féll ákærði frá framburði sínum fyrir lögreglunni í Ólafsvík að því er varðar brot það, sem ákæruliður I fjallar um, og verður játning hans fyrir lög-

reglu ekki lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Veldur þetta ekki ómerkingu.

Í þriðja lagi er ómerkingarkrafan byggð á því, að mál þetta hafi í raun ekki verið dæmt að nýju, eins og skylt var samkvæmt ómerkingardómi Hæstaréttar frá 5. október 1987, heldur sé hinn áfrýjaði dómur nánast bein uppskrift af héraðsdómi í sama máli frá 24. apríl 1987. Sé það andstætt þeim sjónarmiðum, sem liggja að baki ómerkingu dóma. Hér er um sama sakarefni að ræða og því ekki óeðlilegt, þótt dómarnir séu líkir. Verður ómerkingarkrafa ekki tekin til greina af þessari ástæðu.

Loks hefur verjandi haldið því fram, að málið beri að ómerkja vegna vanhæfis ríkissaksóknara, þar sem hann hafi verið rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, þegar rannsókn máls þessa fór fram, en síðar gefið út ákærana sem ríkissaksóknari 30. janúar 1987. Sé þetta andstætt 22. gr. laga nr. 74/1974 sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Ekki verður talið, að það valdi vanhæfi ríkissaksóknara, þótt hann gefi út ákæru á grundvelli rannsókna, sem fram hafa farið í tíð hans sem rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Skýra verður 22. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936, á þann veg, að hún eigi við persónulega afstöðu ríkissaksóknara til máls. Verður ómerkingarkrafa verjanda því heldur ekki tekin til greina af þessari ástæðu.

II.

Um ákærulið I. Eins og að framan greinir, fórst það fyrir við lögreglurannsókn í Ólafsvík vegna brots, sem í þessum lið ákæru greinir, að benda ákærða á rétt hans til að fá skipaðan réttargæslumann. Við dómsrannsókn í sakadómi Árnessýslu féll ákærði frá fyrri framburði sínum fyrir lögreglu. Verður játning ákærða fyrir lögreglunni í Ólafsvík ekki lögð til grundvallar dómi í málinu. Telst því ósannað, að ákærði hafi framið brot það, sem ákært er fyrir undir þessum lið, og ber að sýkna hann af þessum ákærulið.

Um ákærulið II. Hið sama á við um brot samkvæmt þessum ákærulið og greinir um ákærulið I hér að framan, að við lögreglurannsókn var ákærða ekki bent á rétt hans til að fá skipaðan réttargæslumann. Við dómsrannsókn á þessu broti óskaði ákærði ekki eftir því að fá skipaðan réttargæslumann og játaði brot sitt fyrir dómi. Telst sannað, að ákærði hafi framið brot það, sem hann er

ákærður fyrir í þessum ákærulið, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakarmat og heimfærslu til refsíákvæða.

Um ákærulið III. Brot það, sem í þessum ákærulið greinir, er í ákæruskjali heimfært til 209. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og voru hugleiðingar héraðsdómara um önnur refsíákvæði óþarfar. Ósannað er, að ákærði hafi beitt drenginn þvílíku ofbeldi, sem héraðsdómari lýsir. Sannað þykir, að ákærði hafi framið brot það, sem hér greinir, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um færslu til refsíákvæða.

Krafist er 500.000,00 króna miskabóta vegna brots þess, sem greinir í III. ákærulið. Ákærði hefur mótmælt þeirri kröfu og telur, að skilyrðum 264. gr. almennra hegningarlaga sé ekki fullnægt og tjón drengsins ósannað. Fallast ber á það með héraðsdómara, að atferli ákærða við drenginn sé til þess fallið að valda honum miska, og þykja bætur hæfilega ákveðnar 100.000,00 krónur.

III.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, er ákærði vanaafbrotamaður og hefur hlotið 23 refsíðoma fyrir ýmisleg afbrot frá árinu 1963. Er samanlögð refsivist hans samkvæmt þessum dómum 9 ár og 3½ mánuður. Ákærði hefur gengist undir fleiri en eina geðheilbrigðisrannsókn, síðast í janúar 1987. Þar kemur fram, að hann er haldinn alvarlegum persónuleikatrufnunum, sem koma fram í hömluleysi og lélegri hvatastjórn, þannig að undir áhrifum áfengis virðist hann eiga erfitt með sjálfstjórn. Brot þau, sem hér er ákært fyrir, eru framin undir áhrifum áfengis. Ljóst er, að innilokun í fangelsi ein sér hefur ekki haft þau áhrif á ákærða sem skyldi, og er því mikilvægt, að hann njóti nauðsynlegrar lækni meðferðar til þess að reyna að vinna bug á áfengissýki sinni og þeim kynferðislega misþroska, sem hann er haldinn. Þykir því rétt að dæma ákærða samkvæmt heimild í 65. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 5. gr. laga nr. 31/1961, til 15 mánaða vistar á viðeigandi hæli til lækningar, að aflokinni refsivist eins og að neðan greinir.

Brot ákærða samkvæmt II. ákærulið er framið 8. júlí 1984, og brot hans samkvæmt III. ákærulið er framið 6. maí 1986. Refsingi ákærða ber því að ákveða sem hegningarauka, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, annars vegar við 19 mánaða fangelsi (dómar saka-

dóms Reykjavíkur 21. desember 1984, 8 mánaða fangelsi, og 6. nóvember 1986, 4 mánaða fangelsi, og dómur Hæstaréttar 5. desember 1986, 7 mánaða fangelsi), og hins vegar við 11 mánaða fangelsi (dómur sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1986, 4 mánaða fangelsi, og dómur Hæstaréttar 5. desember 1986, 7 mánaða fangelsi).

Refsingu ákærða ber einnig að ákveða með vísan til 72. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 27. nóvember 1987 komi að fullu til frádráttar refsingunni, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsisvist í 9 mánuði og að henni lokinni viðeigandi hælisvist í 15 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 27. nóvember 1987 komi að fullu til frádráttar refsingunni.

Ákærði greiði Z 100.000,00 krónur í skaðabætur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 10. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 618/1987: Ákærvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms þann 6. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 30. janúar

sl. á hendur ákærða, „Steingrími Njálssyni, refsifanga á Litla-Hrauni, fæddum 21. apríl 1942 á Siglufirði, fyrir eftirgreind skírlífisbrot:

I.

Að kvöldi 2. júlí 1984 veist að drengnum X, fæddum ... 1970, um borð í mb. Sigurvík SH-117 í Ólafsvíkurhöfn, fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

II.

Að kvöldi 8. júlí 1984 í gistiherbergi á Hótel Nesi, Ólafsvík, veist að drengnum Y, fæddum ... 1969, losað um föt hans og farið höndum um kynfæri hans utanklæða.

III.

Að kvöldi 6. maí 1986 að þáverandi dvalarstað sínum að Fjölnisvegi 12 í Reykjavík veist fáklæddur að blaðburðardrengnum Z, fæddum ... 1973, fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

IV.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

Með dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. apríl sl. var kveðinn upp dómur í ofangreindu máli og var ákærða gert að sæta fangelsi í 3 ár og jafnframt að greiða drengnum Z 300.000,00 krónur í skaðabætur. Ákærði áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar Íslands sem með dómi uppkveðnum 5. október sl. vísaði málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar sökum vanhæfis héraðsdómara.

Dómarinn fékk mál þetta til meðferðar þann 8. október sl. og hefur hann engin afskipti haft af rekstri þess fram til þess tíma.

Málavextir.

I. Sunnudagskvöldið 8. júlí 1984 kom A ..., Ólafsvík, til lögreglunnar þar í þorpínu og kærði yfir því að ákærði, sem dveldi á Hótel Nesi, hefði leitað á tvo syni sína, M, fæddan ... 1976 og X, fæddan ... 1970. Var ákærði handtekinn á hótelinu og færður í fangageymslu lögreglunnar.

X hefur skýrt frá því að ákærði hafi fengið sig niður í bátinn Sigurvík mánudags- eða þriðjudagskvöldið 2. eða 3. júlí 1984 undir því yfirskini að hann ætlaði að sýna vitninu eitthvað þar. Hafi þeir farið ofan í lúkar og er þangað kom hafi ákærði lokað á eftir þeim og sagt vitninu að setjast á bekk og fara úr fötunum. Þegar vitnið neitaði hafi ákærði dregið niður um hann buxurnar, lagt hann á gólfið og fært hann úr nærbuxunum og síðan strokið eða strokkað lim drengsins upp og niður nokkra stund.

Þegar ákærði hætti kvaðst vitnið hafa klætt sig og flýtt sér upp úr bátnum og upp á lögreglustöð en þá hafi lögreglan ekki verið þar við og hafi hann svo hætt við að kæra atburðinn og ekki gert það fyrr en hann heyrði að ákærði hefði einnig leitað á M, yngri bróður vitnisins.

Vitnið hefur unnið eidd að framburði sínum.

Þegar ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni í Ólafsvík 9. júlí viðurkendi hann að hafa farið með X niður í bátinn Sigurvík, hneppt þar niður um piltinn og strokið á honum kynfærin gegn vilja hans. Kvaðst ákærði hafa verið drukkinn er þetta varð og hefði sér ekki verið sjálfrátt.

Ákærði var yfirheyrður um þetta sakarefni í sakadómi Árnassýslu 1. október 1984. Hvarf hann þá frá játningu sinni fyrir lögreglu. Sagði hann að þeir hefðu farið niður í bátinn að ósk pilsins þar sem ákærði kvaðst hafa gefið piltinum gosdrykk.

Ákærði kvað X þá hafa farið að ræða um að það væru þröngar kojur í bátnum og ekki „gott að gera það“ í þessum kojum. Kvaðst ákærði hafa spurt X þá að því hvort hann væri byrjaður „að gera það“ og hvort hann væri farinn að fá „úr honum“. Kvað ákærði þá X hafa sagt að hann og félagar hans væru oft að fikta hver við annan á kvöldin. Kvaðst ákærði þá hafa sagt: „Leyf mér að sjá.“ Sagði ákærði X hafa tekið „hann út á sér“ og byrjað að fróa sér. Hefði X síðan sagt eitthvað á þá leið að hann nenni þessu ekki. Kvaðst ákærði þá hafa sagt: „Á ég að strokka þér smávegis?“ Hefði X þá svarað: „Nei, það getur einhver komið.“ Kvað ákærði þá einhvern hafa komið um borð og hafi X farið aftur upp á bryggju og upp í verbúð. Á milli þeirra hefði ekkert farið annað fram.

Ákærði gaf þá skýringu á játningu sinni hjá lögreglunni í Ólafsvík að hann hefði neyðst til þess að játa til þess að komast hjá fangavist. Auk þess hefði verið óbærilega heitt í yfirheyrsluherberginu og hann játað til þess að sleppa þaðan út.

Lögreglumennirnir Guðlaugur Svavar Wíium Hansson og Guðmundur Rúnar Gunnarsson hafa í eiddfestum framburði sínum greint frá því að þegar ákærði gaf skýrslu sína 9. júlí hafi hann verið fullur af iðrun og skömm yfir verkum sínum og játað greiðlega. Þá hafi verið eðlilegur hiti í yfirheyrsluherberginu.

Fyrir dómi þann 20. október sl. kvaðst ákærði hafa átt við að óbærilegur hiti hefði verið í fangaklefanum, þar sem hann var í 12 tíma, en ekki í yfirheyrsluherberginu. Þá kvað ákærði sér hafa verið hóttað að hann fengi að dúsa í klefanum þangað til hann játaði. Ákærði kvað honum ekki hafa verið skýrt frá rétti hans til að fá sér skipaðan réttargæslumann. Þá tók ákærði fram að skýrslan hafi ekki verið byggð á spurningum og svörum frá honum, heldur hafi hún verið tilbúin og lesin fyrir honum og hann síðan látinn skrifa undir hana til þess að losna úr yfirheyrslu. Einnig tók

ákærði fram að hann hefði hvorki fengið vott né þurrt fyrr en eftir að hann undirritaði skýrsluna.

Þar sem ekki er í ljós leitt að ákærði hafi verið á neinn hátt þvingaður til játningar sinnar hjá lögreglunni í Ólafsvík og með hliðsjón af eðfestu vætti píltsins X telst sannað að ákærði hafi fært hann úr buxum og handleikið kynfæri hans.

Varðar brot ákærða samkvæmt þessum ákærulið við 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

II. Mánudagsmorguninn 9. júlí 1984 kom á lögreglustöðina í Ólafsvík B ... með son sinn, Y, fæddan 22. september 1969, og kærði yfir því, að ákærði hafði leitað á piltinn í herbergi ákærða á Hótel Nesi í Ólafsvík.

Y hefur skýrt frá því, að hann hafi hitt ákærða á gangi hótelsins og hafi ákærði boðið honum inn til sín. Hafi ákærði spurt vitnið hvort hann væri strákur eða stelpa og sagt að hann vildi ganga úr skugga um það og rennt niður rennilás á úlpu og buxnaklauf vitnisins og farið að káfa á klofi vitnisins. Vitnið kveðst hafa reiðst og slegið ákærða og gengið út. Hefur vitnið unnið eið að þessum framburði sínum.

Pegar ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni í Ólafsvík 9. júlí 1984 var frásögn Y borin undir ákærða og kvað hann frásögn vitnisins vera rétta. Í skýrslu fyrir sákkadómi Árnassýslu er haft eftir ákærða: „Kærði kannast við að hafa farið höndum um kynfæri B, enda hafi hann haldið að hér væri um stelpu að ræða.

Framburðarskýrsla B er nú borin undir kærða og staðfestir hann hana sem rétta.“

Er ákærði kom fyrir dóm þann 20. október sl. var athygli hans vakin á því að í ofangreindu endurriti hafi nafn föður drengsins verið ritað í stað nafns drengsins. Ákærði hreyfði ekki athugasemdum vegna þessa. Kvað ákærði drenginn, sem hann hafði aldrei séð áður, hafa komið inn í herbergi sitt og kvaðst ákærði hafa talið að hann væri stúlka. Ákærði mundi ekki eftir að hafa losað um fót hans, en neitaði því ekki að hafa farið höndum um kynfæri hans utanklæða. Ákærði tók fram að drengurinn hafi verið með sitt hár og mjög fullorðinslegur.

Með játningu ákærða og vitnisburði píltsins Y telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem hann er ákærður fyrir í þessum ákærulið og varðar brot hans við 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

III. Þriðjudagskvöldið 6. maí 1986 komu á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík hjónin C og D hér í borg og báðu um aðstoð við að leita að syni þeirra Z, fæddum ... 1973 sem hefði farið að heiman um klukkan níu um kvöldið til þess að rukka fyrir Dagblaðið en ekki skilað sér heim á tilsettum tíma. Um miðnættið hafði pilturinn skilað sér heim og var hann

þá sóttur þangað og skýrði hann frá því að ákærði hefði misboðið sér kynferðislega í herbergi hans í kjallara hússins nr. 9 við Fjölnisveg. Fóru lögreglumenn þangað og handtóku ákærða og færðu hann á lögreglustöðina.

Pilturinn Z hefur skýrt frá því að hann hafi verið að rukka fyrir dagblað þriðjudagskvöldið 6. maí í fyrra og í því skyni komið til ákærða í máli þessu sem búi í kjallaraherbergi á Fjölnisvegi 9. Þetta hafi verið um klukkan 9. Ákærði sem var fáklæddur og eitthvað undir áhrifum áfengis hafi boðið sér inn og þeir tekið tal saman. Ákærði hafi sagt að hann ætti ekki fyrir áskriftinni en viljað að pilturinn sæti áfram og rabbaði við sig. Þegar pilturinn hafi sýnt á sér fararsnið hafi ákærði sagt að hann „vildi sjá á honum typpið“. Pilturinn kvaðst hafa neitað því og reynt að komast út en þá hafi ákærði hindrað hann í því með valdi. Hafi ákærði þvingað sig niður í rúmið og kveðst pilturinn þá hafa rekið höfuðið í og fengið kúlu á hnakkann. Kveðst pilturinn hafa orðið hræddur og farið að gráta og hafi ákærði þá tekið fyrir munn honum og haldið þar til hann róaðist.

Ákærði hafi girt niður um vitnið, fært það niður á gólf, farið höndum um kynfæri vitnisins og sleikt þau og rassinn. Ákærði hafi ekki farið úr neinu og ekki átt við sjálfan sig meðan á þessu stóð. Hafi ákærði verið mjúkhentur við sig, en hótad að kreista pung vitnisins ef vitnið yrði ekki þægt.

Vitnið telur að atlot ákærða hafi varað í u.þ.b. hálf tíma en hann hafi dvalið í einn og hálfan til tvo tíma hjá ákærða. Þegar ákærði hætti hafi hann sest á rúm sitt, boðið vitninu mjólk að drekka og sagt svo að vitnið mætti fara og fór vitnið þá.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi þann 20. október sl. að drengurinn hafi bankað um kl. 22:00 þar sem ákærði var staddur á heimili sínu að Fjölnisvegi 9, en ekki 12 eins og í ákæru greinir. Hafi drengurinn sagst vera að rukka fyrir Dagblaðið en ákærði kvaðst hafa tjáð honum að hann ætti enga peninga. Kvað ákærði drenginn hafa komið inn og séð samfarablað á borðinu. Hafi drengurinn farið að fletta blaðinu, en hann hafi þá verið búinn að vera nokkurn tíma inni. Kvaðst ákærði hafa tekið blaðið af honum og sagt honum að hann hefði ekkert með þetta að gera þar sem hann væri ekki orðinn kynþroska. Hafi drengurinn þá sagt: „Þú heldur það“, en ákærði kvaðst hafa sagt: „Sýndu það.“ Kvað ákærði drenginn hafa færst undan því. Kvaðst ákærði hafa farið á salerni og hafi drengurinn verið að fróa sér með blaðið í hendinni er ákærði kom þaðan. Hafi drengnum brugðið, en ákærði kvaðst hafa sagt að hann gæti haldið áfram hans vegna. Drengurinn hafi hætt og sagst vera þreyttur, en ákærði kvaðst hafa boðist til að taka við og kvaðst hann hafa fróað drengnum skamma stund. Þá kvaðst ákærði hafa tjáð drengnum að hann nennti þessu ekki lengur

og hafi drengurinn þá spurt hvað klukkan væri. Er ákærði tjáði drengnum að klukkan væri 22:20 hafi að sögn ákærða komið skelfingarsvipur á drenginn, hann hafi krossað sig og sagt: „Nú verð ég laminn þegar ég kem heim.“ Ákærði tók fram að drengurinn hafi nokkrum sinnum verið þarna af fúsum og frjálsum vilja. Ákærði kvað drenginn sjálfan hafa bedið um að hurðinni yrði lokað, þar sem hann vildi ekki að neinn kæmi að sér. Kvaðst ákærði ekki hafa orðið var við að drengurinn hefði fengið áverka, að minnsta kosti ekki af völdum ákærða. Taldi ákærði drenginn hafa spunnið upp sína sögu af ótta við stjúpföður sinn. Þá tók ákærði fram að hann hafi verið rifbeinsbrotinn og því alls ófær um að beita ofbeldi.

Í vottorði Péturs Lúðvíkssonar lækni á Landspítalanum, sem skoðaði Z tæpum sólarhring eftir atburðinn, segir m.a.: „Við skoðun er þetta 13 ára gamall drengur, stærðarmörk eru eðlileg. Hann kemur intellectuelt eðlilega fyrir í samtali, en honum er brugðið og hann á erfitt með að lýsa því sem fyrir kom.

Höfuð: Eðlilega lagað, hvergi bank- eða þrýstingseymisli, en vi. megin í hnakkagróf við hársrætur er rúmlega gómstór, nýr marblettur, a.ö.l. eru ekki áverkamerki á höfði.

Háls: Undir vi. kjálkabarði framantil er rúmlega gómstór, nýr marblettur og frá honum 2 cm grunn húðrispa niður og aftur.

Augu: Ytri augnhreyfingar voru eðlilegar, pupillureactionir sömuleiðis.

Munnhol og kok: Engin áverkamerki, enginn roði eða sýkingarmerki í koki.

Brjóstkassi: Engin áverkamerki. Lungnahlustun er hrein, við hjartahlustun ekkert óeðlilegt að heyra.

Kviður: Engin áverkamerki, engin eymsli við þreifingu eða líffærastækk-anir.

Kynfæri: Kynþroski svarar til Tanner III-IV. Það eru engin áverkamerki á penis, forhúð er heil og engin eymsli. Engin áverkamerki á scrotum, engin eymsli við þreifingu.

Anus: Engin áverkamerki að sjá.

Útlimir: Engir áverkar né annað óeðlilegt.

Húð: Engin áverkamerki eða annað óeðlilegt utan þess sem áður greinir.

Niðurstaða: Þrettán ára gamall drengur sem orðið hefur fyrir kynferðislegu ofbeldi. Það finnast nýlegir marblettir á hálsi og hnakkagróf og grunn húðrispa á hálsi, líklega eftir átök. Engin áverkamerki á kynfærum eða anus.

Drengnum er greinilega brugðið, sálræn áhrif þessa áfalls eru ófyrirsjáanleg. Ráðlegt er að drengurinn fái viðtal hjá barnageðlækni.“

Baldvin Steindórsson sálfræðingur gerði athugun á sálarástandi Z. Í umsögn hans segir m.a. eftirfarandi: „Z er 13 ára piltur, laglegur, frekar

fingerður og býður af sér góðan þokka. Í viðtölum myndar hann góð tengsl, tjáir sig á skýran máta, jafnvel um efni sem eru mjög viðkvæm fyrir hann.

Undirritaður hitti Z 1-2 dögum eftir að hann varð fyrir umræddri kynferðisárás, hittumst við nokkuð þétt í fyrstu og síðan strjálá.

Það gefur auga leið að það er skelfileg reynsla fyrir sérhvern að verða fyrir slíkri lífsreynslu sem Z varð fyrir. Að meta hversu mikil og langvarandi áhrif slík reynsla hefur fyrir viðkomandi einstakling er erfitt og í raun mun aðeins tíminn geta leitt það í ljós.“

„Umrætt atvik hefur haft ýmiss konar áhrif á hegðun Z og samskipti hans við aðra, sérstaklega til að byrja með. Hann dró úr samskiptum sínum við félagana sína, — hann skammaðist sín vegna þess sem gerst hafði og óttaðist að þeir gætu frétt af því. Hann var hræddur við að vera á ferli á kvöldin og forðaðist þá götu sem umrætt atvik hafði átt sér stað í. Heima fyrir lýsti aukið öryggisleysi sér í því að hann leitaði í auknum mæli eftir meiri og nánari nálægð við móður sína og stjúpföður og um tíma fékk hann að sofa í þeirra herbergi. Smátt og smátt hefur þó öryggi hans aukist aftur eftir því sem atburðurinn verður fjarlægari. Nú gætir öryggisleysis helst í tengslum við tilhugsunina um að geta átt eftir að mæta á götu þeim sem braut á honum.

Til þess að reyna að meta langvarandi áhrif slíks atviks á sálarlíf og þroska einstaklings, tel ég að hafa beri sérstaklega eftirfarandi þrjú atriði í huga:

1. Greind einstaklings og þroski.
2. Stuðningur sá sem nánasta umhverfi getur veitt.
3. Hversu vel tekst viðkomandi að vinna úr þeirri reynslu sem hann varð fyrir, þá yfirleitt með utanaðkomandi faglegru aðstoð, þannig að hann lokist ekki inni með þær tilfinningar sem atburðinum fylgdu.

Varðandi ofanefnd atriði í tilviki Z er álit mitt eftirfarandi:

Z er mjög greindur piltur (samsvarar greind hans greind yfir meðallagi grv. 115-130) og virðist eðlisgreind hans nýtast honum vel. Persónulegur þroski hans er á ýmsan hátt meiri en aldur segir til um. Gætir þessa m.a. í málfari hans sem er fullorðinslegt og óvenjulegt hjá unglingi. Aðalástæðu þessa tel ég vera hve mikið Z er samvistum við fullorðna, en hann er mikið í kringum fjölskyldureksturinn sem er hótél- og gistiheimilisrekstur. Ennfremur er þroski hans mótaður af miklum erfiðleikum í hjónabandi foreldra hans og skilnaði þeirra.

Varðandi annað og þriðja atriðið tel ég að Z hafi notið og getað tekið við veittum stuðningi fjölskyldu sinnar, jafnframt því sem hann hitti undirritaðan fljótlega.

Ég tel því að vegna ágættra eiginleika hans sjálfs og hvernig hans nánasta

umhverfi brást við séu líkur á því að takast megi að draga verulega úr skaðlegum áhrifum umrædds atburðar.

Slík reynsla verður þó ekki aftur tekin, þetta er reynsla sem tengist okkar nánustu samskiptaleiðum; kynlífi, snertingu, nekt. Í raun mun Z fyrst vita hver áhrif þessa atviks eru þegar hann sem karlmaður fer að stofna til náninna kynna sjálfur.“

Sálfræðingurinn kom fyrir dóm þann 20. október sl. og staðfesti skýrslu sína. Kvað hann skýrslu drengsins hjá RLR í stórum dráttum samhljóða því er drengurinn tjáði honum í viðtölum og var það skoðun hans að drengurinn færi þar með rétt mál. Kvað hann Svölu Thorlacius hdl. hafa beðið sig að gefa skýrslu um andlegt ástand drengsins og kvaðst hann hafa skilið beiðnina þannig að hún væri lögð fram fyrir hönd rikissaksóknara.

Drengurinn Z kom fyrir dóm þann 20. október sl. Staðfesti vitnið skýrslu sína hjá RLR. Vitnið kannaðist ekki við að hafa sagt: „Nú verð ég laminn, þegar ég kem heim.“ Þá kvaðst vitnið hafa farið í viðtöl til sálfræðings í nokkur skipti í tengslum við skilnaðarmál foreldra sinna og deilu um umgengnisrétt að kröfu barnaverndarnefndar.

Fyrir dómi þann 20. október sl. skýrði ákærði svo frá, að leigjandi sem bjó í kjallaranum að Fjöltnisvegi 9 við hliðina á herbergi ákærða hefði verið heima og taldi ákærði að hann hlyti að hafa heyrt hafi einhver hávaði borist úr herbergi ákærða.

Verjandi ákærða krafðist þess að umræddur leigjandi yrði kvaddur fyrir dóm.

Þann 23. október sl. kom fyrir dóminn sem vitni Sigurjón Guðmundsson vörubílstjóri, til heimilis að Hraunbæ 188, fæddur 11. apríl 1947. Kvaðst vitnið hafa leigt herbergi í kjallara hússins að Fjöltnisvegi 9 og kvaðst hafa verið í herbergi, sem merkt er stofa við hliðina á geymslu á teikningu, sem lögð hefur verið fram í málinu. Kvaðst vitnið hafa búið þarna í u.þ.b. 1 ár og flutt þaðan í ágúst 1986. Vitnið mundi ekki hvort það var heima þriðjudagskvöldið 6. maí 1986 og gat þess vegna ekki borið um það hvort einhver hávaði hefði borist úr herbergi ákærða. Vitnið mundi eftir lögreglu í kjallaranum vegna andláts manns sem bjó í herbergi sem merkt er stofa á teikningu og er með bogadregnum gluggum.

Verjandi ákærða gerði þá kröfu að fengin yrði umsögn óháðs aðila varðandi drenginn. Tók dómariinn þá kröfu til úrlausnar þann 26. október sl. og með úrskurði uppkveðnum þann 27. október sl. hafnaði dómariinn kröfu lögmansins, þar sem dómariinn taldi varhugavert að leggja frekari rannsóknir á drenginn.

Með játningu ákærða og vitnisburði Z telst sannað, að ákærði hafi tekið um kynfæri drengsins og viðhaft fróunarhreyfingar. Þá verður einnig að telja sannað með vætti drengsins, vottorði Péturs Lúðvíkssonar og öðrum

gögnum málsins að ákærði hafi beitt drenginn þvílíku ofbeldi sem hann hefur lýst og ekki verður dregið í efa að sé rétt.

Háttsemi ákærða varðar við 202. gr., sbr. 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga. Verknáðarlýsing í ákæru-skjali er hins vegar ófullkomin, en eins og ákæra er úr garði gerð verður ákærði aðeins sakfelldur fyrir brot gegn ákvæðum 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Af hálfu Z er krafist 500.000,00 króna í miskabætur. Ákærði hefur mót-mælt kröfunni. Með hliðsjón af atferli ákærða við drenginn, sem augljóslega var til þess fallið að valda honum verulegum spjöllum, þykir hæfilegt að dæma hann samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga, að greiða Z 300.000,00 krónur í miskabætur.

Sakarferill ákærða, viðurlög o.fl.

Ákærði, sem er sakhæfur, á að baki óvenjulega langan og mikinn sakferil.

Á árinu 1959 var ákæru tvívegis frestað á hendur honum fyrir þjófnaðar-brot. Ákærði hefur frá árinu 1963 hlotið 23 refsidóma fyrir kynferðis-afbrot, þjófnaði, líkamsárásir, fjársvik, skjalafals og ölvun og réttindaleysi við akstur. Er samanlögð refsivist ákærða samkvæmt þessum dómum orðin 9 ár og 3½ mánuður. Þar að auki hefur ákærði verið sektaður 13 sinnum fyrir ölvunarbrott.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. nóvember 1963 var ákærði m.a. sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið, að girða þar niður um hann og slá drenginn í andlitið þegar hann veitti mótspyrnu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka annan 11 ára dreng upp í bifreið til sín, girða niður um hann og hafa kynferðismök við hann nauðugan.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. desember 1964 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 10 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Þá var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka 12 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Enn var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka tvo drengi, 11 og 13 ára, inn á Hafnarsalarnið í Keflavík á árunum 1961-1963, og hafa við þá kynferðismök.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 2. október 1978, var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 9 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann nauðugan samræðismök.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að tæla 12 ára dreng inn í hótélherbergi til sín og hafa þar við hann kynferðismök nauðugan.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. september 1986 var ákærði sakfelldur fyrir að þukla á 10 ára dreng á lostugan hátt og kyssa hann á andlitid á veitingastofu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að veitast að 13 ára dreng í búning sklefa Sundhallarinnar í Reykjavík og fara höndum um líkama hans og kyssa hann.

Ákærði hefur að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins og með eigin samþykki gengist undir geðheilbrigðisrannsókn. Í skýrslu Hannesar Péturssonar yfirlæknis segir svo m.a.:

„Að mínu áliti er Steingrímur Njálsson ekki haldinn formlegri geðveiki né heldur greindarskorti. Hins vegar tel ég að hann sýni merki alvarlegra persónuleikatruflana, sem m.a. hafa komið fram í atferlisvandkvæðum allt frá bernsku, óreglulegri skóla- og atvinnusókn, áfengissýki og endurteknum afbrotum. Auk framangreindra persónuleikatruflana hefur Steingrímur átt við að stríða truflanir í tilfinninga- og kynlífi sínu, sem m.a. hafa lýst sér í afbrigðilegri kynhneigð (homosexual pedophilia). Skapgerðarbrestir Steingríms hafa m.a. komið fram í hömluleysi og lélegri hvatastjórn þannig að undir áhrifum áfengis virðist hann eiga erfitt með sjálfstjórn.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir þeirri hegðun sem Steingrímur sætir nú ákæru fyrir, þá veða þyngst framangreindir alvarlegir skapgerðargallar samfara áfengissýki. Kynhneigð Steingríms virðist vera tvískauta, þ.e. hann lýsir kynhvöt bæði til kvenna og ungra drengja. Hins vegar hafa persónuleikatruflanir hans, áfengissýki og endurtekin andfélagsleg hegðun að líkindum haft alvarleg, neikvæð áhrif á félagslega hæfni hans og það kann að ráða nokkru um það að hann hefur ekki að því er virðist myndað föst tilfinningasambönd gagnvart konum. Forhúðarþrengsl þau sem Steingrími hefur orðið tíðrætt um eru honum eflaust nokkurt vandamál í sambandi við kynlíf, en skýra að sjálfsögðu ekki afbrigðilega kynhneigð.“

Refsing ákærða nú verður ákveðin hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, annars vegar við 19 mánaða fangelsi og hins vegar við 11 mánaða fangelsi. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna, þeim alvarlegu brotum sem ákærði er nú sakfelldur fyrir og óvenjulegum sakarferli hans, þykir rétt að gera ákærða að sæta fangelsi í 2 ár og 6 mánuði.

Eins og að framan greinir ber að dæma ákærða til þess að greiða 300.000,00 krónur í skaðabætur til Z.

Að lokum ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000,00 og kr. 3.000,00 í söluskatt til ríkissjóðs.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði.
 Ákærði greiði Z 300.000,00 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000,00, og kr. 3.000,00 í söluskatt til ríkissjóðs.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 17/1987. **Arnarflug hf.**

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

Gísla Maack

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Stefnubirting. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1987. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara að löghald það sem gert var í flugvélinni TF-VLU nr. 464 hinn 20. október 1986 verði fellt niður og áfrýjandi sýknaður af hinum tildæmdu kröfum stefnda, en til þrautavara að tildæmdar kröfur verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi gerir þær dómkröfur að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.